

48. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.11 2017, kl. 13.30

Mættir voru Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Eyjólfur Ingvarson 2 varamaður var mættur í stað Önnu Jónu Árnarsdóttur, sem boðaði forföll.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Laugarfell, *rekstaraðilar skálans koma til fundar.*
3. Gunnarsstofnun, drög að nýjum samningi
4. Fjárhagsleg málefni
5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2018, fyrri umræða
6. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019-2021, fyrri umræða.
7. Héraðsskjalasafn Austfirðinga, aðalfundarboð, meðfylgjandi er árskýrsla og ársreikningur
8. Skólaskrifstofa Austurlands, aðalfundarboð, meðfylgjandi er ársreikningur
9. Færsla suðfjárveikigirðingar í Norðurdal
10. Bréf
Umhverfisstofnun dags. 19.10 2017
11. Umhverfisstyrkir
 - a) Höskuldur Már Haraldsson, Hóli
 - b) Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi
 - c) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði
 - d) Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1
12. Fjárbeiðnir
 - a) Ungt Austurland
 - b) Stígamót
 - c) Krabbameinsfélag Íslands
13. Fundargerðir
 - a) Minnisblað byggingarfulltrúa vegna ferðar byggingar-og skipulagsnefndar 27.10 2017
 - b) Brunavarnir á Héraði 25.10 2017
 - c) Ársalir 27.10 2017
 - d) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 19.10 2017
 - e) HAUST 11.10 2017

14. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti sat fund samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga á Egilsstöðum 17. október.

Samtök ferðaþjónustunnar benda á að verði að veruleika fyrirhugaðar hækkanir vörugjalda á bílaleigubíla og atvinnutæki ferðaþjónustunnar, kunni það að draga úr ferðum ferðamanna út á land.

Skipulagsstofnun hefur tekið saman minnisblað um málmeðferð beiðna um byggingu þjónustumiðstöðva við þjóðvegi.

Árni Kristinsson var fenginn til að fara með umboð og atkvæði Fljótsdalshrepps á aðalfundi Haust 1. nóvember sl., í forföllum oddvita.

Gögn sem borist hafa: Ritið „Um skipulag bæja“ eftir Guðmund Hannesson.

2. Laugarfell. Páll Guðmundur Ásgeirsson mætti til fundar kl 14.00, til viðræðna um endurnýjun á samningi um leigu Laugarfellsskála.

Núverandi rekstraraðilar óska eftir endurnýjuðum leigusamningi á svipuðum nótum og sá sem í gildi er og að nýr samningur verði til 5 ára. Rætt var um ýmislegt er varðar rekstur skálans og viðhald mannvirkja í Laugarfelli. Fram kom að rekstur skálans hafi gengið þokkalega í sumar og ekki verið samdráttur í sölu gistinátta, eins og fréttir væru af víða á Austurlandi. Skálinn hefði nú í fyrsta sinn verið opinn út september. Starfsmannahús sem Fljótsdalshreppur á og byggði ris og forstofu á í sumar, hefur mjög jákvæð áhrif fyrir reksturinn og er staðarþrýði, að sögn Páls. Rekstraraðilarnir hafa unnið að byggja upp gönguleiðir og fengið til þess styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna. Heitu pottarnir eru vinsælir og ekki óalgengt að 40-50 manns fari í pottana á dag, fyrir utan gesti í gistingu. Í undirbúningi hjá rekstraraðilum er að koma upp saunaklefa og köldum potti og var spurt hvort sveitarstjórn hefði athugasemdir við þær fyrirætlanir, að því gefnu að samningar um áframhaldandi leigu tækjust. Ekki komu fram athugasemdir, en gert ráð fyrir að ef af þessum framkvæmdum verður, verði þær unnar í samráði við sveitarfélagið.

Páll yfirgaf fund kl 15.15

Samþykkt að á næsta fundi verði lögð fyrir drög að nýjum samningi til 5 ára, sem taki gildi frá áramótum 2017-18. Að þeim tíma loknum, eða ef leigutíma lýkur fyrr en samningur gerir ráð fyrir, verður rekstur skálans auglýstur til leigu.

3. Gunnarsstofnun. Oddviti kynnti drög að endurnýjuðum samningi milli Fljótsdalshrepps og Gunnarsstofnunar fyrir árin 2018 og 2019. Drögin samþykkt og oddvita falið að skrifa undir samninginn.

4. Fjárhagsleg málefni

Fjárhagsáætlanir og framlög til stofnana

a) Árgjöld til SSA. Framlag Fljótsdalshrepps árið 2018 verður kr.219.316,- Samþykkt.

- b) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2018. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, hlutur Fljótshrepps er kr. 836.023,--
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 2018, hlutur Fljótshrepps í framlögum safnsins kr. 618.811,- Samþykkt.
- d) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2018 samþykkt, hlutur Fljótshrepps áætlaður kr. 138.485,- Framlög skiptast eftir nemendafjölda í grunnskóla.
- e) Fjárhagsáætlun Ársala bs fyrir árið 2018, kynnt. Áætlað er að reka samlagið með jákvæðum rekstrarafgangi og ekki gert ráð fyrir að eigendur félagsins komi með framlög.
- f) Brunavarnir á Héraði. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 samþykkt. Hlutur Fljótshrepps áætlaður kr. 894.197,-

Gjaldskrár , reglur og styrkir

- a) Menntunarstyrkir. Á undanförunum árum hefur Fljótshreppur veitt framhalds- og háskólanemum á aldrinum 16-25 ára námsstyrki . Sveitarstjórn hefur samþykkt að veita þá styrki áfram á árinu 2018, en í þeim tilgangi að auðvelda íbúum Fljótshrepps almennt að sækja sér menntun , samþykkir sveitarstjórn framlögð drög að reglum um veitingu annarra menntunarstyrkja árið 2018
- b) Reglur um frístundastyrki 2018 . Samþykkt að frístundastyrkur fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára árið 2018 verði kr. 15.000,-
- c) Samþykktar óbreyttar reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa 2018.
- d) Samþykkt að styrkja á árinu 2018, sauðfjábændur í Fljótshreppi sem þurfa að láta bólusetja við garnaveiki, um sem nemur kostnaði við lyf. Til að styrkur fái greiddur þurfa bændur að framvísa kostnaðarreikningi frá dýralækni .
- e) Samningar við refaveiðimenn 2018. Verktakataxti fyrir grenjaleit hækki í samræmi við launaþróun , að öðru leiti verða reglur um refaveiðar óbreyttar fyrir árið 2018.
- f) Launataxti og kjör sveitarstjórnar og nefnda 2018 Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga um að laun sveitarstjórnar og nefnda uppreiknist samkv. launavísitölu um áramót eins og verið hefur og taxti tímakaups og verktöku hækki einnig í samræmi við launaþróun, að öðru leyti verða reglur óbreyttar.
- g) Samþykkt að reglur um niðurfellingu, eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótshreppi verði óbreytt á árinu 2018.
- h) Álagningar-og innheimtu reglur fasteigna-og þjónustugjalda . Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga fyrir 2018. Tekjumörk afsláttar fasteignaskatts af eigin íbúðarhúsnæði sem elli – og örorkulífeyrisþegar búa í eru hækkuð lítilsháttar, en að öðru leyti að mestu óbreyttar reglur.

Ofangreindar reglur og samþykktir geta íbúar kynnt sér á heimasíðu Fljótshrepps www.fljotsdalur.is, og á skrifstofu sveitarfélagsins, þegar fjárhagsáætlun Fljótshrepps fyrir árið 2018 hefur verið samþykkt. Oddvita er falið að kynna styrkmöguleika í fréttabréfi til íbúa.

5. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2018, fyrri umræða.** Fjárhagsáætlun yfirfarin, rædd og vísað til annarrar umræðu. Áætlað er að á árinu 2018 verði byggð án lántöku skemma/áholdahús.
6. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019-2021, fyrri umræða.** Fjárhagsáætlun yfirfarin, rædd og vísað til annarrar umræðu.
7. **Héraðsskjalasafn Austfirðinga, aðalfundarboð, meðfylgjandi er árskýrsla og ársreikningur.** Aðalfundurinn verður 23. nóv á Skriðuklaustri kl 14.00. Fljótsdalshreppur er gestgjafi. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
8. **Skólaskrifstofa Austurlands, aðalfundarboð, meðfylgjandi er ársreikningur.** Aðalfundurinn verður 17. nóv á Borgarfirði eystri. Oddviti tilnefndur fulltrúi.
9. **Færsla suðfjárveikigirðingar í Norðurdal.** Kynnt afrit af bréfi Landsvirkjunar til MAST, er varðar færsla sauðfjárveikivarnagirðinga í landi Hóls og Þuríðarstaða. Sveitarstjórn óskar eftir að fá afrit af umsögn MAST, þegar hún berst.

10. Bréf

Umhverfisstofnun dags. 19.10 2017. Varðar sundurliðun á uppruna úrgangs.

11. Umhverfisstyrkir

- a) Höskuldur Már Haraldsson, Hóli. Samþykktur hámarksstyrkur.
Þorvarður yfirgaf fundinn klukkan 17:36 og Lárus tók við fundarritun.
- b) Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.
- c) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði. Samþykktur hámarksstyrkur.
- d) Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

12. Fjárbeiðnir

- a) Ungt Austurland. Samþykkt styrkur upp á 11.100 kr.
- b) Stígamót. Hafnað.
- c) Krabbameinsfélag Íslands. Bleika slaufan. Samþykkt kaup á happadrættismiða, 15.000 kr.

13. Fundargerðir

- a) Minnisblað byggingarfulltrúa vegna ferðar byggingar-og skipulagsnefndar 27.10 2017. Kynnt.
- b) Brunavarnir á Héraði 25.10 2017. Kynnt.
- c) Ársalir 27.10 2017. Kynnt.
- d) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 19.10 2017. Kynnt.
- e) HAUST 11.10 2017. Kynnt.
- f) Félagsmálanefnd 17.10 2017. Kynnt.

14. Önnur mál.

- a) Rætt var um veggirðingar, viðhald þeirra og ábyrgð. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni um reglur til að styrkur fái til viðhalds veggirðinga (meðfram stofn- og tengivegum) , þurfa landeigendur/ábúendur árlega að tilkynna til sveitarfélags þegar viðhaldi er lokið að vori og er þá viðhald tekið út, sameiginlega af Vegagerðinni og sveitarfélaginu.
- b) Oddviti verður fjarverandi í orlofi í byrjun desember. Varaoddviti sér um afleysingu, en samþykkt að desemberfundur sveitarstjórnar færist frá þriðjudegi 5. desember, til föstudags 15. desember.
- c) Oddviti sagði frá því að samstarfsnefnd sem skipuð er fulltrúum Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps hefði komið saman til 1. fundar mánudaginn 6. nóvember. Meðal þess sem rætt hafi verið á fundinum var tillaga fulltrúa Fljótsdalshéraðs um hvort gera ætti skoðanakönnun meðal íbúa, samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor. Samþykkt var að nefndarmenn könnuðu afstöðu til þess hjá sínum sveitarstjórnnum. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps er ekki andvíg því að íbúar séu spurðir áhlits, en telur að til að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort skoðanakönnun fari fram , þurfi að liggja fyrir um hvað verði spurt.
- d) Oddviti sagði frá hluthafa fundi Gróðrarstöðvarinnar Barri ehf sem hún mætti á 30. október. Þar var hluthöfum kynnt erfið fjárhagsstaða fyrirtækisins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 17:24.

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eyjólfur Ingvason (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)